

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2025, mánudaginn 24. nóvember 2025 kl. 13:00 var haldinn 371. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson og Guðveig Eyglóardóttir, sem tók þátt um fjarfundabúnað. Valgarður Lyngdal Jónsson var fjarverandi.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 24. 11. 2025, lagt fram, auk gagna sem afhent voru stjórn á milli funda. Minnisblað forstjóra um mælikvarða heildarstefnu og tenginga við úttektir, dags. 04.11.2025, lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF370 lögð fram. Fundargerð samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar.
3. Klukkan 13:07 mættu til fundarins Bryndís María Leifsdóttir, forstöðukona reikningshalds og Hrafnhildur Fanngæirdóttir, sérfræðingur í reikningshaldi og kynntu ásamt Snorra Hafsteini Þorkelssyni framkvæmdastjóra fjármála 9 mánaða samstæðuuppgjör Orkuveitunnar. Umræður. Uppgjörið borið upp og samþykkt samhljóða.

Klukkan 13:40 mætti Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður, til fundarins og fjallaði um áhrif atburða hjá Norðuráli. Umræður. Jóhannes yfirgaf fundinn kl. 14:25.

Snorri kynnti endurskoðaða fjárhagsspá fyrir árið 2026 og langtímaspá fyrir árin 2027-2030 ásamt greinargerð. Fjárhagsspáin borin upp og samþykkt samhljóða. Þórður Gunnarsson og Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir óska bókað:

Skynsamlegt væri að falla frá áætlun um arðgreiðslur til eigenda fyrir rekstrarárin 2025 og 2026 sökum óvissu um hvenær framleiðsla Norðuráls nær fullum afköstum á ný.

Snorri lagði fram og kynnti úttekt KPMG á félagsformi Orkuveitunnar. Stjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að félagsformið verði rýnt ítarlega af eigendum.

Fjallað um samning um innri endurskoðun, sem rennur út nk. áramót. Stjórn felur forstjóra að kanna möguleika á breytingum á fyrirkomulagi innri endurskoðunar.

HLÉ

4. Drög að starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2026 lögð fram og kynnt. Starfsáætlun endurskoðunarnefndar lögð fram.
5. Klukkan 16:00 mættu Dagmar Birgisdóttir leiðtogi rekstraráhættu og Reynir Sævarsson umhverfisstjóri til fundarins. Þau kynntu tillögu að breytingu á áhættufylki. Tillagan borin upp og samþykkt. Þau kynntu einnig heildstæða upplýsingagjöf.

Guðveig Eyglóardóttir yfirgaf fundinn kl 16:24.

6. Klukkan 16:25 mættu Vigdís Eva Líndal leiðtogi upplýsingaöryggis og Kristrún Lilja Júlíusdóttir forstöðukona Hugvits og tækni til fundarins og kynntu rýni og tillögu á sameiningu og breytingum á upplýsingatæknistefnu og upplýsingaöryggis- og persónuverndarstefnu. Umræður. Breytt og sameinuð stefna samþykkt samhljóða.
7. Klukkan 16:30 mætti Snorri Jökull Egilsson, sérfræðingur í loftslags- og umhverfismálum til fundarins og kynnti svohljóðandi tillögu um upplýsingagjöf um stöðu gagnvart aðlögun að loftslagsbreytingum. Tillögunni fylgir greinargerð:

Rannsóknir og Nýsköpun (RoN) leggja til að upplýsingagjöf Orkuveitunnar um stöðu fyrirtækisins gagnvart aðlögun að loftslagsbreytingum fari úr því að vera sjálfstætt minnisblað og fari þess heldur inn í loftslagsvegvísi Orkuveitunnar sem til stendur að uppfæra.

Samþykkt samhljóða.

8. Minnisblað um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi, dags. 20. nóvember 2025 lagt fram.
9. Dótturfélög. Eftirfarandi stjórnarfundargerðir (drög) og skýrslur framkvæmdastjóra um starfsemina á milli stjórnarfunda lagðar fram til upplýsingar:

Minnisblað framkvæmdastýru Veitna dags. 20.11.2025.

Fundargerð Veitna nr. 171 dags. 25.09.2025

Fundargerð Veitna nr. 172 dags. 23.10.2025

Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans nr. 245 dags. 24.10.2025.

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans dags. 21.11.2025.

Minnisblað framkvæmdastjóra ON dags. 19.11.2025.

Fundargerð stjórnarfundar ON 79 dags. 22.10.2025

Minnisblað framkvæmdastýru Carbfíx dags 22.08.2025

Minnisblað framkvæmdastýru Carbfíx dags 02.10.2025

Minnisblað framkvæmdastýru Carbfíx dags 21.11.2025

10. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli funda, dags 24.11.2025. Umræður.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:52.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 15. desember 2025.

Gylfi Magnússon,

Vala Valtýsdóttir, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Skúli Þór Helgason
Þórður Gunnarsson, Guðveig Eyglóardóttir.